



Svör við athugasemdum eftir grenndarkynningu vegna breytingar á hverfisSKIPULAGI Árbæjar, hverfi 7.2. – Rofabær 32

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Landslags ehf., dags. 24. júní 2026, um breytingu á hverfisSKIPULAGI Árbæjar, hverfi 7.2, vegna lóðarinnar nr. 32 við Rofabæ, lóð Árbæjarkirkju. Í breytingunni sem lögð er til felst tilfærsla og endurhönnun göngustígs sem liggur að og um kirkjulóðina og hverfisgarðinn austan hennar. Jafnframt er gert ráð fyrir þremur nýjum dvalarsvæðum með bekkjum sem nýttast íbúum og öðrum gestum svæðisins, samkvæmt uppdr. Landslags ehf., dags. 23. júní 2026. Tillagan var grenndarkynnt frá 15. júlí 2026 til og með 13. ágúst 2026. Athugasemdir bárust. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. ágúst 2026 og er nú lagt fram að nýju.

Umsagnir/athugasemdir:

Ein athugasemd barst á auglýsingatímabilinu frá Stefáni Thors þann 23. 07.2026 sem er svo hljóðandi:

„Fram kemur að við breytinguna falli úr gildi skilmálarum kyrrlátt svæði vestan Árbæjarkirkju þar sem fyrirkomulag svæðisins samræmist ekki lengur breyttri útfærslu hverfisgarðsins. Ekki er ljóst hvaða útfærslu er verið að breyta og því óskað upplýsinga um hvar ný dvalarsvæði eru fyrirhuguð og hvaða göngustíg austan kirkjunnar er verið að breyta. Þá er óskað upplýsinga um útfærslu á dvalarsvæði með bekkjum þar sem nú er kyrrlátt svæði suðvestan við kirkjuna og hvað verður um trjágróður sem fyrir er á svæðinu.“

Svar:

Þegar farið var í gerð hverfisSKIPULAGS fyrir borgarhluta 7 Árbæjarhverfi, voru kyrrláttsvæði skilgreind fyrir hvert hverfi. Í þeirri vinnu voru gefnar heimildir til að koma fyrir kyrrlát svæði í umræddum hverfisgarði við Árbæjarkirkju. Til að uppfylla kröfur er varða kyrrlát svæði skv. skilgreiningum í leiðbeiningum hverfisSKIPULAGS um almenningsrými á svæðið vera ætlað til útivistar og ekki vera útsett fyrir hávaða yfir tilskyldum mörkum (hávaði undir 50dB(A)).

Ekki hefur verið farið í endurhönnun á hverfisgarðinum þar sem þessar heimildir hafa verið nýttar. Einnig má nefna nálægð svæðisins við Elliðaárdalinn þar sem eru svæði sem eru enn betur til þess fallin til að uppfylla kröfur „kyrrláttsvæðis“.

Lega stígsins vestan við kirkjuna sem sýndur er á uppdrætti, ranglega ávarpaður austan megin í greinagerð á uppdrætti, mun færast til og taka á sig sveig. Með þessari



Dvalarsvæðum staðsett í öryggi gróðurs við nýjan stíg verður komið fyrir þar sem hægt verður að njóta útsýnis yfir Elliðaárdalinn og hvíla lúin bein. Sjá á meðfylgjandi drög að lóðaruppdrætti.

